Verkalýðsblaðið

11.—12. tbl. 10. árg. 22. desember 1981 Verð kr. 10,00

Ver NATO Ísland?

Í tveimur löndum af þremur Norðurlandanna sem eru í NATO, eru varnaráætlanir NATO þekktar í stórum dráttum, þ.e. í Noregi og Danmörku. Í Norgei er t.d. gert ráð fyrir að tefja framrás Sovétherja í Norður-Noregi, þar til aukinn liðsafli frá USA berst eftir loftbrúnni ævintýralegu. Oft eru haldnar æfingar, sem staðfesta eða prófa ýmsa þætti þessara áætlana. Þegar fréttir af þessum málum berast hingað, vaknar gjarnan sú spurning hjá fólki, hverjar eru varnaráætlanir NATO fyrir Ísland og hvers vegna eru þær ekki opinberar og á vörum

Framhald á bls. 2



Leiðari:

Styðjum pólska alþýðu!

Vegna nýsettra herlaga sem enn á ný hafa svipt pólsku þjóðina öllum sjálfsögðu mannréttindum, vilja Kommúnistasamtökin ítreka samstöðu sína og stuðning við pólska alþýðu og þaum samtök sem eru raunverulegur fulltrúi fólksins, Solidarnosc.

Árangur hinnar sjálfstæðu verkalýðshreyfingar í Póllandi hefur vakið vonir vítt og breitt um að þjóðum hins svonefnda sósíalíska heimshluta takist að brjótast út úr þeim álagaham sem ofbeldis- og afturhaldsklíka sú er drottnar yfir þjóðum Sov étríkjanna hefur þröngvað upp á flest lönd A-Evrópu.

Efnahagsleg og pólitísk kreppa er nú víða í A-Evrópu. Hún hefur lamað Pólland og sýnir að það kerfi forréttinda og spillingar sem orðið hefur til í skjóli valdaeinokunar og banns á allri pólitískri stjórnarandstöðu fær ekki staðist. Hún á heldur ekkert skylt við raunverulegan sósíalisma og alþýðuvöld, sem miða að því að fullnægja þörfum alls almennings í stað þess að mata króka forréttindastéttar. Ef forréttindastétt Póllands nyti ekki verndar vina sinna í Kreml gæti hún ekki setið að völdum deginum lengur.

Solidarnosc gegna nú hlutverki faglegrar og pólitískrar andstöðu við yfirvöld og hlutverki varnarsamtaka gegn hersveitum sem þegar hafa myrt almenna borgara landsins. Samtökin njóta stuðnings mikils meirihluta pólsku þjóðarinnar og þarfnast allrar aðstoðar sem unnt er að veita. Engin lausn er hugsanleg á vandamálum Póllands án þátttöku verkalýðshreyfingarinnar.

Kröfur Solidarnosc um aukin völd til handa fólkinu eru í raun kröfur um sósíalisma. Stórbændurnir innan Kremlarmúra óttast þær meira en annað, — þær afhjúpa þjóðfélögin austantjalds og þær ógna völdum yfirstéttarinnar.

Kommúnistasamtökin fordæma harðlega valdníðslu yfirvalda í Póllandi og krefjast þess að þegar verði snúið við til samninga við Solidarnosc um bráðabirgðalausnir á vandamálum Póllands. Kommúnistasamtökin hvetja alla íslenska stjórnmálaflokka, stjórnmálasamtök, kirkjuna og hagsmunasamtök um að víkja til hliðar skoðanaágreiningi og sameinast um sem víðtækastan stuðning við pólska alþýðu. Kommúnistasamtökin minna sérstaklega á fjársöfnunina sem nú er hafin.

Aðför að kjarsamningum

Kommúnistasamtökin hafa skorað á félaga í BSRB að fela nýgerðan kjarasamning BSRB og ríkisins í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Í samningunum felast mjög litlar kjarabætur og vísitala verður greidd samkvæmt Ólafslögum í mars. Lítið sést til hinnar ítarlegu kröfugerðar, sem fram var lögð fyrir hinar stuttu samningaviðræður, í umræddum samningi. Spurningin hlýtur að vakna hvort slík kröfugerð sé eingöngu sýndarmennska af hálfu forystu bandalagsins.

Forysta samninganefndar ber það á borð fyrir félaga að um ófullnægjandi samninga sé að ræða, en afsakar sig um leið með lélegum samningi ASÍ og atvinnurekenda frá síðasta mánuði. Það tekur ekki nokkru tali að forysta næststærstu samtaka launamanna í landinu skuli bjóða umbjóðendum sínum upp á slík rök. Hér er komið enn eitt dæmi þess að forystumenn úr verkalýðshreyfingunni vinna að því leynt og ljóst með atvinnurekendum og ríkisvaldi að ræna launafólk frjálsum samningsrétti um verð vinnuaflsins og gera kjarasamninga að einfaldri nefndar ákvörðun um sömu ölmusur handa öllum launamönnum í landinu. Samningar ASÍ hafa dregið þann dilk á eftir sér að samningsréttur launafólks

Framhald á bls. 2

4ja síðna Lesbók

Flokkurinn - súrt vínber?
sjá bls. 7

HVAÐ ER AB AÐ FARA?
Sjá bls. 4

Fundur

Borgarstjórnarkosningar:

Hvað gera vinstri menn?

Umræðufundur að Hótel Borg mánudaginn 11. janúar kl. 20.30

Gestir m.a. frá AB, Fylkingunni og kvennaframboðinu.

Framhald af forsíðu

Ver NATO Ísland?

fólks? Er það vegna þess að sambærilegum málum er ávallt haldið leyndum hér, meðan þau eru annars staðar öllum heyrinkunnug, eða vegna þess að NATO hyggst hreint og beint ekki verja Ísland, heldur nota það eingöngu sem útvörð fyrir USA.

Verkalýðsblaðið lagði spurninguna ,,Ver NATO Ísland?'' fyrir Baldur Guðlaugsson, formann Varðbergs, Magnús Þórðarson, starfsmann NATO á Íslandi, og Mik Magnusson, blaðafulltrúa hersins. Hugmyndir Ólafs Jóhannessonar fengust í blaðaviðtali sem birtist í 1. des. blaði stúdenta 1981 og Björns Bjarnasonar í Mbl. 27. ágúst 1981.

Baldur Guðlaugsson:

,,Mér hefur skilist að til séu slíkar áætlanir, en allsendis ókunnugt um innihaldið. Þó minnist ég þess að hafa heyrt úr munni yfirmanna Varnarliðsins og í höfuðstöðvum NATO, að til væru hersveitir eyrnamerktar Íslandi, sem sendar yrðu hingað á hættutímum, ef þörf væri fyrir liðsauka. Nánar veit ég ekki um þetta''.

Mik Magnusson:

,,Já, samanber 5. grein Atlantshafssáttmálans, þá túlkast árás á eina bandalagsþjóðina sem árás á þær allar. Til þess að koma í veg fyrir árás, þá sýna NATO-þjóðirnar samstöðu, t.d. með veru hersins hér. Staðsetning orrustu- og AWACS- flugvéla, sem fylgjast með ferðum óvinaflugvéla. Orion-flugvéla sem fylgjast með kafbátum, í samstarfi við aðrar bandalagsþjóðir, og aðflutningur herafla hingað, eru meginpunktarnir í varnarplani NATO fyrir Ísland. Með því að sýna árvekni og áræðni og samstöðu með öðrum NATO-þjóðum, skal bægja í burtu árásarhættunni.''

Magnús Þórðarson:

,,Já. Því til staðfestingar vitna ég í 5. grein Atlantshafssáttmálans þar sem inntakið er: Vopnuð árás á einn aðila eða fleiri í Evrópu eða USA, skuli talin árás á þá alla, þ.e. þeirra sem eru í NATO.''

Björn Bjarnason:

Hann segir að ef árás yrði gerð á Ísland, gæti sveit orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli ,,borist liðsauki á þeim tíma, sem það tekur að fljúga orrustuflugsveit frá Bandaríkjunum til Íslands - lengsti tími - og á skemmri tíma, ef flugvélamóðurskip væri nærri landinu eða flugvélar yrðu sendar hingað til dæmis frá Bretlandi. Samhliða yrðu landgönguliðasveitir sendar flugleiðis frá Bandaríkjunum til Íslands og birgðaflutningar hafnir með skipum. Ég tel, að í stórum dráttum yrði þannig brugðist við innrás í Ísland.''

Ólafur Jóhannesson:

Svar hans við spurningunni ,,Hefur NATO einhverja varnarstefnu með tilliti til Íslands? Ef svo er, hver er hún þá?'' var á þessa leið: ,,Ég hef ekkert slíkt í höndunum. Vörnin felst m.a. í því að árás á eitt ríki skoðist sem árás á þau öll.''

AÐ LOKNUM SAMNINGUM FBM

Verkfalli Félags bókagerðarmanna lauk jafn skyndilega og samningagerð ASÍ. Þrátt fyrir yfirlýsingar formanns FBM, um að samningur okkar sé í grundvallaratriðum ólíkur ASÍ- samkomulaginu, er lítið sem ber á milli. Eini sjánlegi munurinn er sá að ekki er nein bókun um að afturvirkni samningsins sé ekki fordæmagefandi. Það að ekki sé skrifað undir Ólafslögin er náttúrlega ekkert annað en orðaleikur. Við sitjum við það sama í vísitölumálum og ASÍ.

Annað í samningnum s.s. um hlífðarföt ofl. er innifalið í samræmingu á milli 3ja samninga þeirra félaga sem stóðu að stofnum FBM (bókbindarafélag Íslands, Grafiska Sveinafélagið og Hið Íslenska Prentarafélag). Slík samræming var hvort sem er á dagskrá og varð að gerast þannig að í raun eru þessi atriði sjálfsögð en ekki atriði sem náðust fyrir utan ramma ASÍ.

Það verður að segjast að útkoma var ekki í samræmi við allan undirbúning báráttunnar eða við úrslit atkvæðagreiðslunnar í haust. Einnig var við að etja marghöfða þursa VSÍ, pólitisku flokkana, ríkisstjórnina og síðan og ekki síst ASÍ. Ég ætla að rekja þennan undirbúning til þess að lesendur VBL geti fylgst með.

Í upphafi er að geta atkvæðagreiðslu í FBM um aðild að ASÍ sl. vetur. Tillagan um aðlid var kolfelld og túlkuð á þann veg að FBM hefði lýst andúð sinni á starfaðferðunm og stefnu ASÍ.

7. júní var haldinn kjaramálaráðstefna FBM þar sem allir trúnaðarmenn á vinnustöðum, stjórnar- og trúnaðarráðsmenn voru til staðar. Á þessari ráðstefnu var lagður grunnur að kröfugerð félagsins. Síðan var kröfugerðin kynnt á vinnustöðum í haust og samþykkt. Einnig var borið undir allsherjaratkvæði krafan um að samningur gilti frá og með þeim degi sem sá gamli rynni út þ.e. 1. nóv. 82% félagsmanna studdu hana. Verkfallsheimild var samþykkt með miklum meirihluta og félagsfundur samþykkti verkfallsboðun. Eins og sjá má er um mjög lýðræðislega ákvörðun að ræða og félagsmenn vel undirbúnir undir átökin.

Eftir að ASÍ gerði sinn svikasamning var ekki að heyra á bókagerðarmönnum að þeir vildu gangast inn á það. Því kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar þessi samningur var borinn undir félagsfund. Miklu sterkara hefði verið fyrir stjórnina að leggja til að hann yrði felldur.

Það sem stjórnin valdi um var að samþykkja eða vera í verkfalli fram yfir áramót. Um það má deila hvað lengi við hefðum þurft að vera í verkfalli þar sem vitað var að mörg fyrirtæki voru farin að ,,skjálfa''. Einnig var kominn mikill þrýstingur frá bókaútgefendum á prentverkin. Þeir höfðu verið kokhraustir fyrir verkfall og sögðu að 85-90% af bókum hefðu komist út. Staðreyndin var hinsvegar sú að einungis smáslattar af hverri bók komst út afgangurinn sat fastur inni.

Staða okkar styrktist eftir því sem á leið og hefði ég haldið að baráttuþrekið hefði verið meira en raun varð á. Sérstaklega miðað við stóryrtar yfirlýsingar formanns FBM um ASI samkomulagið.

Reynsla okkar af þessu verkfalli er að varast slíkar yfirlýsingar frá FBM. En merkilegri reynsla er sú og kom greinilega fram að FBM er sterkt félag og baráttuvilji félagsins meiri en gengur og gerist. Þetta ber að nýta til að bæta okkar kjör. Setjum stefnuna á betri samniga á næsta ári!

B.J.

Af baráttuhátíð Leigjendasamtakanna

Snemma í október héldu Leigjendasamtökin baráttuhátíð í Háskólabíói. Þar var boðið upp á freistandi dagskrá: Spilafífl, Orghesta, Nýja kompanýið, Vísnavini, Þorgeir Þorgeirsson, Bubba o.fl.

Hingað til hefur nafn Bubba eitt nægt til að fylla Háskólabíó. En einhverra hluta vegna sóttu aðeins 300 manns umrædda baráttuhátíð. Kannsi var óheppilegum veggaulýsingum um að kenna. Kannski eitthverju öðru. T.d. rangri tímasetningu.

Að fámenninu slepptu tókst vel. Reyndar voru fæst skemmtiatriðin í beinum tengslum við leigjendamál. Þó tóskst t.d. Gísla Helgasyni að flétta vandamálum leigjenda á bráðfindinn hátt inn í kynninguna á Bítlalaginu ,,Here Comes The Sun''. Því má svo skjóta hér inn í að flutningur Vísnavina á Here Comes The Sun'' gaf frumútgáfu sjálfra Bítlanna ekkert eftir.

Einu skemmtikraftarnir sem fluttu efni beinlínis tileinkað leigjendum voru nýbylgjurokkararnir í Spilafíflum. Lag þeirra ,,Talandi höfuð'' var m.a.s. sérstaklega samin fyrir útisamkomuna sem Leigjendasamtökin héldu fyrr á þessu ári.

Sævar Sverrisson, hinn líflegi söngvari Spilafífla.

Spilafífl er ung en sérlega efnileg hljómsveit. Einkum má ætla söngvaranum líflega, Sævari Sverrissyni, stóran hlut í framtíðinni. Þeir félagar höfða þó tæplega til annarra en harðra rokkara með Gang of 4/Sector 27-legri músik sinni.

Öðru máli gegnir með Bubba og hans fjölskrúðugu músíkstíla. Guthrie/Dylan - ballaðan, blúsinn og kassagítaróðurinn um vandamál Grænlendinga, allt vakti þetta almenna hrifningu fólks á öllum aldri.

Af öðrum skemmtiatriðum sem vert er að geta má nefna framlag Þorgeirs Þorgeirssonar. Þar fóru saman hnyttin ljóð, góðar þýðingar og frábær lestur.

Áður en ég þakka fyrir góða skemmtun er eðlilegt að hvetja Leigjendasamtökin til frekari dáða á þessu sviði. Sé rétt að málum staðið geta svona bar áttuhátíðir skilað nokkrum fjárhagslegum gróða jafnframt því að efla samstöðuna, efla baráttuandann og veita móralskan stuðning.

Takk fyrir mig.

-jGuð

Framhald af forsíðu

Aðför að kjarasamningum

er nú alfarið í höndum miðstjórnarforystu launasamtakanna, en sjálfstæð samningabarátta og sérárangru ólíkra starfsgreina er að hverfa. Um leið minnkar kaupmáttur jafnt og þétt.

Stjórn Kommúnistasamtakanna ítrekar því áskorun sína til allra launamanna um að ganga til sjálfstæðari samninga í vor og hnekkja þeirri árás á kjörin sem nú er gerð og um leið þeirri árás á samnings- og verkfallsréttinn sem nýgerðir kjarasamningar og aðferðir við þá fela í sér.

16.12./a.

ÁSKRIFT — ÁSKRIFT

Áskrift þín er trygging okkar.
Sendu þennan miða í pósthólf
5186 125 Reykjavík.

120 kr. fyrir 12 blöð og
Lesbók á næsta ári!

NAFN_____

HEIMILI_____

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ari Trausti Guðmundsson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14
Opnunartími: Alla laugardaga kl. 11 — 15
Sími: 2 92 12
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Gíróreikningur: 12 200, Póstgíróstofan
Prentað í Offsetprent

Valkostur kommúnista í komandi kosningum

Prófkjör, köpuryrði milli flokka og töluvert sjálfshól sýnir að flokkarnir fjórir búa sig undir kosningar - fyrst bæjar- og sveitastjórnarkosningar í sumarbyrjun og síðan alþingiskosningarnar 1983. Fyrrnefndu kosningarnar eru um margt ólíkar þeim síðari. Frambjóðendur og verk þeirra standa kjósendum nær, og starfsvettvangur fulltrúanna smærri en þingmannanna. Oftlega verða kjósendur fremur að taka afstöðu til einstakra manna eða staðbundinna stefnuskráa fremur en flokkanna og þeirra heildarstefnu. Þar með geta kommúnistar ekki tekið afstöðu á sama hátt bæði til alþingiskosninga og bæjar-og sveitastjórnarkosninga.

Marx-leninistar (nú Kommúnistasamtökin, áður Einingarsamtökin og Kommúnistaflokkurinn) eiga sér stutta stjórnmálasögu. Kosningasagan er enn styttri. Kommúnistaflokkurinn reyndi tvisvar fyrir sér í alþingiskosningunum (í Reykjavík) og fór ekki yfir 2. hundrað atkvæða. Einingarsamtökin hvöttu menn tvisvar til að skila auðu með óljósum árangri. Hvorug samtökin buðu fram til bæjar- og sveitastjórna.

Hin nýju samtök, Kommúnistasamtökin, hvað gera þau nú?

Almenn stefna kommúnista er sú að þátttaka þeirra í kosningum borgaralegs þjóðfélags sé nauðsynleg. Með skýrri og róttækri stefnuskrá geta þeir bæði komið endurbótum til leiðar, kannað fylgi sitt og notað þing eða bæjar- og sveitastjórnir sem áróðursvettvang. Og reynslan sýnir að síðartöldu stofnarnir eru um margt mikilvægari en þingið og hafa kommúnistar víða komist fyrr þar til áhrifa en í þingsölum.

Nú er deginum ljósara að ísl. marx-leninistar hafa vanrækt hina heföbundnu stjórnmálabaráttu vegna kreddufestu og litilla athugana á því hvaða skylyrði ísl. veruleiki setur allri stjórnlist sósíalismans í landinu, sérstaklega þó baráttuaðferðum (taktík) Byltingarsinnuð markmið krefjast sveigjanlegra og djarfra starfsaðferða - og ekki

Framhald á bls. 5

Um friðarhreyfinguna

Vaxandi friðarhreyfing er góðs viti. Styrjaldarhættan vex og ber að hafa í huga að stórstyrjaldir eru afleiðingar samkeppni stórvelda um áhrif og gróða. Stríðhættan er því í sjálfu sér ekki fólgin í vopnategundum eða fjölda vopna.

Friðarbaráttan getur afstýrt styrjöld, ásamt baráttu 3. heimsins fyrir sjálfstæði. En þar er ekki hægt að ganga út frá slíku sem vísu. Þess vegna verður friðarhreyfing að gefa gaum að öryggismálum og almannavörnum ekki síður en sjálfri baráttunni gegn vígbúnaði og stríðsundirbúningi. Og auk þeirrar baráttu verður má koma í veg fyrir að annað hvort risaveldið hagnist á velda og styðja sjálfstæðis- og þjóðfrelsisöfl. Margþætt friðarbarátta hlýtur því jafnframt að beinast að voldugustu ríkjum heims sem heyja harða samkeppni - **risaveldunum tveimur.**

Vegna þess hve risaveldin eru stórtæk, vel búin kjarnavopnum og venjulegum vopnum ætti friðarhreyfingin ekki að binda sig við lítil landsvæði, eina tegund vopna eða annað risaveldið, þó svo blæbrigðin hljóti að vera rík eftir því hvar hún starfar. Einnig má ljóst vera að friðarhreyfingin getur unnið þvert á flokksbönd eða vikið ýmsum stjórnmáladeilum til hliðar - enda hugtök eins og lýðræði, frelsi og sósialismi öfugmæli þegar risaveldin eiga í hlut.

Nýja friðarhreyfingin gerir best með því að kanna mismunandi stöðu risaveldanna, taka mið af atburðum sem hætta heimsfriðnum og skoða hvernig risaveldin ógna landssvæðum misjafnlega mikið eftir því hvar þau eru. Þannig má koma í veg fyrir að annað hvort risaveldið hagnist á áfanga sigrum eða áróðri friðarsinna.

Ísland getur staðið utan her- Ísland getur staðið utan hernaðarbandalaga og gætt eigin fyrir öryggi landsmanna. Reynt er að leita að skárstu kostum og minnka áhættuna á að Ísland verði skotmark eða bitbein risaveldanna.

Við Íslendinga segjum við: - Hverfum úr NATO, leggjum herstöðvarnar niður, tökum öryggismálin í eigin hendur með efldum almannavörnum, beinum kröfum um kjarnavopnalausa lofthelgi eða fiskveiðilögsögu gegn báðum risaveldunum, kröfum um kjarnavopnalaus Norðurlönd eða N-Atlantshaf að vígbreiðrinu á Kolaskaga, ekki síður en að NATO og loks kröfum gegn nýjum NATO-flaugum í Evrópu líka gegn um 200 SS-20 flaugum Sovétmanna. Við NATO-sinna segjum við:

- Það eru engar raunhæfar varnaráætlanir NATO til á Íslandi.

Við fögnum nýrri og harðari afstöðu Samtaka herstöðvaandstæðinga í garð Sovétríkjanna og harðari afstöðu Alþýðubandalagsins en áður til stefnu Sovétmanna gagnvart Evrópu. Við erum hlynt víðtækri samvinnu ólíkra aðila í friðarbaráttunni og samstöðu ísl. stjórnmálafla um almannavarnir. Um leið hörmum við að tillaga um að Samtök herstöðvaandstæðinga beiti sér fyrir umræðum um almannavarnir var felld á síðustu landsráðstefnu samtakanna og við fordæmum tilraunir Fylkingarinnar til þess að afsaka og hlífa Sovétríkjunum, ein ísl. stjórnmálasamtaka. Sama má segja um þá aðila sem hvítþvo Bandaríkin af allri ógnum við heimsfriðinn.

Stjórn Kommúnistasamtakanna.

Gefið til Póllands!

Kommúnistasamtökin og Verkalíðsblaðið lýsa sérstökum stuðningi sínum við fjársöfnun kirkjunnar og ASÍ til styrktar póskum almenningur. Við hvetjum Íslendinga til þess að gefa af rausn og aðstoða þannig pólskan almenning við að bæta kjör sín og stöðu.

Það kann að skipta sköpum í baráttu Samstöðu og Pólverja að veturinn verði ekki of þungbær. Allir stjórnmálaflokkarnir og ótal hagsmunasamtök hafa lýst stuðningi sínum í orði hér á landi. Nú er tækifæri að sýna hann í verki. Ráð væri að stofna starfshópa og svæðanefndir til þess að auðvelda söfnunina. Kommúnistasamtökin eru reiðubúin til samvinnu við hvern sem er í þeim efnum.

Stjórn Kommúnistasamtakanna 15. 11. 1981.

RUKKUNARHORNIÐ

Okkur vantar rukkara

Við auglýsum hér með eftir rukkara til að rukka áskriftargjald blaðsins á næsta ári. Vinnutími er samningsatriði, svo og kjör. Þetta er tilvalið fyrir einhvern velunnara blaðsins til að leggja sitt af mörkum. Þetta er tilvalið fyrir einhvern sem er í skóla og vantar aukapening. Gott er að hafa umráð yfir bíl við starfið en líklega væri enn þá þægilegra að hafa reiðhjól. Hafið samband við skrifstofu blaðsins á laugardögum kl. 11 — 15 eða sendið nafn, heimilisfang og símanúmer í pósthólf 5186, 125 Reykjavík.

Yfirrukkari getur upplýst að út úr þessu fæst mikil ratvísi um Reykjavíkursvæðið — og í góðu veðri getur þetta verið mjög skemmtilegt.

RUKKUN - RUKKUN

Þegar þetta er ritað (í byrjun desember) er rukkun ekki alveg lokið. Enn er eftir að rukka flesta áskrifendur í pósthverfi **101 í Reykjavík**. Vonandi tekst að ljúka því innan tíðar og í síðasta lagi í janúar. A.m.k. verða rukkarar ekki á ferð á aðfangadagskvöld og nýjársnótt. **Aðrir áskrifendur á Stór-Reykjavíkursvæðinu** hafa annað hvort verið heimsóttir eða fengið sendan gíróseðil. Við væntum þess að hann verði greiddur fljótt og vel. **Áskrifendur úti á landi** hafa verið áminntir og verður janúarblaðið sent í póstkröfu þeim sem ekki verða enn búnir að borga það þegar þar að kemur. En af því leiðir aukakostnað fyrir áskrifendur sem rétt er að forðast. Ódýrast fyrir áskrifendur er að senda okkur þessar litlu 60 krónur í gíró.

Áskrifendur erlendis hafa nú annað hvort greitt póstkröfu þá, sem send var út í október, eða verið teknir af skrá hjá okkur.

— Að lokum: Áskriftargjald 1982 mun hækka verulega. Verður það tilkynnt í 1. tbl. og um gjalddaga 1982 og eindaga fyrir árgjöld 1981.

Breytingar á heimilisföngum

Að undanförnu hefur verið unnið nokkuð að því að finna áskrifendur að Verkalýðsblaðinu og Stéttabaráttunni sem voru á skrá fyrir einu ári eða fyrir lengri tíma; fyrir sameiningu. Margir hafa bara trassað að tilkynna um breytt heimilisfang, aðrir ekki hirt um að borga, og þar fram eftir götunum. Af hvaða ástæðu sem það nú er að menn hafa týnst af skrá hjá okkur eru hugsanlegar eldri skuldir felldar niður enda í mörgum tilvikum alls ekki ljóst hversu háar þær eru. Reynslan hefur kennt okkur að margir þeirra sem trassað hafa að tilkynna okkur um breytt heimilisfang, vilja fá blaðið.

Þið mættuð nú hins vegar gjarna hringja í okkur og annað hvort staðfesta eða afpanta því að mistök hafa getað orðið í þessum viðbótum hjá okkur, t.d. að einhver, sem sagði upp, sé farinn að fá blaðið aftur eða að við höfum ekki fundið rétt heimilisfang.

Við áskrifendur segjum við því: Tilkynnið alltaf **strax** um nýtt heimilisfang. Ef allt er í besta lagi þá eru rukkunarmenn okkar á ferðinni allt að einu sinni á ári. Það er hins vegar of sjaldan ef þið flytjið rétt eftir að hann hefur komið. Enda er mjög einfalt að tilkynna breytt heimilisfang til VB og annarra blaða og stofnana: Einfaldlega að fylla út spjald sem pósturinn kemur síðan ókeypis til okkar.

Áskrifendaskrá VB

Stjórnmálaályktun AB:

Svör vekja ótal spurningar

Alþýðubandalagið er umbótaflokkur og fundvís á margar misfellur arðránsskipulagsins sem við búum við. Þar snertast líka félagar AB og kommúnistar utan AB í hugsanlegu samstarfi. Hér eru dæmi um stefnuatriði úr stjórnmálaályktun fulltrúaráðs AB sem Kommúnistasamtökin hljóta að styðja:

- Lánstími húsnæðislána verði lengdur.
- Auknar félagslegar íbúðabyggingar
- Jafnrétti karla og kvenna
- Stuðningur við baráttuna í Afganistan, El Salvador og Póllandi.
- Lágmarks óliugeymabyggingar við Kveflavík.
- Kjarnorkukafbátalaus fiskveiðilögsaga.
- Risaveldin fækki kjarnavopnum í Evrópu (ef álfan nær til Úralfjalla!).
- Stytting vinnutíma án kauplækkunar.

En margt er öllu afleitara. Verstar eru hálfkveðnar vísur og öfugmæli um efnahags- og kjaramál. Ályktunin telur verðbólguna vera um 40%. Þar er reyndar um verðbólguhraðann í nóvember að ræða og gengisfellingin og staða útflutningsatvinnuveganna sýna að hún er í raun milli 50-60% á ársgrunni. Spá Þjóðhagsstofnunar (sem AB véfengir, en ekki þegar um kaupmáttartölur er að ræða!) hljóðar upp á 55% fyrir árið 1982. Dálitill árangur ríkisstjórnarinnar við að hægja á verðbólgunni byggist á því að ,,allir aðilar verði að sætta sig við skerðingu'' — sem er ósanngjörn krafa miðað við laun og kjör í landinu. Reyndar heldur AB því fram í ályktuninni að kaupmáttur verkamanna hafi **haldist** óbreyttur. Hver einasti launamaður segir annað og spyr: - Er ekki grunnur framfærslu- og kaupgjaldsvísitölu um 15 ára gamall? Bendir ekki verðkönnun DB til að verð hafi hækkað um 68% en laun um 50%? (DB&V 2. des.)?Er ekki vín og tóbak utan við verðbótavísitölu og hefur hækkað um 80-90%, en laun um 50% Hvað með mat BSRB og BHM um 20% kjararýrnun opinberra starfsmanna á sl. 4 árum? Ályktunin sneiðir framhjá svona augljósum atriðum og er falsplagg að því leyti. Í ljós kæmi að verðbólguhjöðnun hefur að verulegu leyti verið á kostnað launafólks.

Ályktunin nefnir líka hallalausan ríkissjóð. Formúlan fyrir honum er einföld og bendir til vanda sem ríksstjórnin ýtir á undan sér: Hærri vextir, uppsafnaður gengishagnaður, tilfærslur á fjármálum til fyrirtækja og aðhald í skóla- og sjúkramálum framkalla hallalaus fjárlög, en um leið félagsleg vandamál og kröfur atvinnurekenda um fyrirgreiðslu vegna bókhaldslegs ,,taps'' á rekstrinum. Hallanum er í raun frestað!

,,Atvinnuleysi er hverfandi'', segir í ályktuninni og er talið meðmæli með AB. Veit flokksráðið ekki að ef 2-3% þjóðarinnar hefðu ekki flust úr landi á undanförnum áratug væri hér umtalsvert atvinnuleysi?

Ályktunin endurtekur kratismann úr ræðu Svavars (sjá hér til hliðar) um stækkun launakökunnar með aukinni

Framhald á bls. 7

HVAÐ ER AB AÐ FARA?

Kjósendur og félagar Alþýðubandalagsins eru líkast til litlu nær um valkostinn sinn eina eftir flokksráðsfund AB 20.—22. nóv. sl.) og landsráðstefnu Æskulýðsnefndar AB. Fimm heilsíður í málgagninu með ályktunum og ræðum er drjúgmeltur kostur. Verkalýðsblaðið reyndi að greina og dómfella stefnuna sem birtist í plöggum þessarra tveggja funda. Er þar um aðrar starfsaðferðir að ræða en tíðkast hjá Þjóðviljanum sem hefur hingað til haft það eitt markmið að leika sér í krafti stærðar og útgáfutíðni að uppspuna um marx-leníníista (sem kallast maóistar í því blaði) og aldrei svarað gagnrýni með rökum. Og þótt ekki sé tekið mið af gagnrýni kommúnista á AB, fer heldur ekkert fyrir sjálfsgagnrýni eða efasemdum flokksráðsfundarins eða flokksins — sem sýnist alfullkominn.

—agé

Ræða Svavars:

Verkafólk, framleiðið betur uppí kaupið

,,Miklar og opinskáar umræður urðu á fjölmennum flokksráðsfundi'', segir Þjóðviljinn (23.11). Eftir að hafa lesið kafla úr ræðu formannsins (Þjv. 28.11) langar mann að vita um **hvað** menn ræddu og hvort einhverjar athugasemdir hafi verið gerðar við mál Svavars. Rauði þráðurinn - sem sumum kann að sýnast vel bleikur - í ræðunni er þessi: ,,Á næsta ári ber að knýja fast á um aukna framleiðni og alhliða sparnað, þannig að betra svigrúm skapist fyrir þau lífskjör sem hér eru og þurfa að vera''. Skyldi einhver hafa hváð um góðu lífskjör lág- og meðaltekjufólksins í landinu? Kannski Guðmundur Joð. jafn skeleggur og hann er núna í baráttunni gegn ómannúðlegri fangelsisstefnu í landinu. Og ef til vill hefur einhver réttsýnn eða vel lesinn maður bent Svavari á að það er aðall kapítalismans og inntakið í kratískri stéttasamvinnu **að skyldyrða** bætt lífkjör með aukinni

Flokksráðsfundur AB. Innfelld er mynd af Svavari, en heyra máttu flokksráðsmenn boðskap hans.

verðmætasköpun. Þá er auðvitað miðað við að hlutur atvinnurekenda verði ekki skretur. ,,Viltu meir, þá bakaðu stærri köku'' - segir í kokkabók VSÍ handa launafólki: Kæru AB-menn: Eruð þið virkilega sammála formanninum? Eða háttvirtur Svavar: Skilgreindu sósíaldemókratíska efnahagsstefnu fyrir flokksmönnum þínum.

Annað einkenni á ræðunni er það að orð eins og:.. bæta þarf ..taka verður traustari tökum .. á það skal lögð þung áhersla ... skapa verður svigrúm ... koma afar víða fram en nær undantekningalaust ekkert um **hvernig** leysa á þau verkefni sem í orðunum felast.

Eftir yfirlýsingar um að búa þurfi til meiri verðmæti segir Svavar að lykilspurningin sé sú hvort leyfa eigi einkafjármagninu (fjármagnseigendunum) að móta stjórnmálastefnu í landinu eða fólkinu. Hann er þá nýbúinn að hampa forsendum atvinnurekendavaldsins fyrir efnalegum framförum og setja fram óskasvar VSÍ! Sósíalískt svar er svona: Klípa skal af eignum og tekjum atvinnuveganna með launahækkun **án** verðhækkunar og **án** þess að aukin verðmætasköpun komi í staðinn. Aukist hún hins vegar (og hver er á móti því) skal klipin tilsvarandi stærri sneið. Hótunum um lokanir fyrirtækja og atvinnuleysi yrði að mæta með félagslegri skipulagningu framleiðslu og uppstokkun fyrirtækjakerfisins.

Sósíalistar hafna nefnilega kökukenningunni,. En

Framhald á bls. 7



Vinnustaðalýðræði gegn forræði kapitalisma?

— það segir ÆnAB

20-30 manna ráðstefna Æskulýðsnefndar Alþýðubandalagsins er sannarlega áhyggjuefni fyrir flokkinn, sem safnaði um 20 þús. atkvæðum í síðustu kosningum. Því hefur AB ekki tekist að virkja unga fólkið sem þyrstir í fræðslu, stéttarlegt starf og sósíalisma og lítur ekki lengur við smásamtökunum sem legið hafa undir frækilegri gagnrýni og flugskörpu háði AB?

Í stað þess að fjalla um aðalvandamálið er lagt mest kapp á að gera vasaútgáfu af flokkssamþykktum AB og jafnvel heldur verri.

Í ályktun ungliðafundarins er allt samstarf við aðra talið sjálfsagt ef það varðar leið til sósíalismans. Hvers vegna þá ekki að ræða við ungt fólk úr Kommúnistasamtökunum og Fylkingunni um sameiginleg baráttumál? Verri kostur er að fnæsa úti í horni yfir gagnrýni á AB og segja sjálfur ekki eitt gagnrýnisorð um foreldrið.

Annars taka ungliðarnir upp nokkur prýðsgóð mál s.s.kröfuna um lífvænleg laun fyrir 40 st. vinnuviku. En þeir geta gert það án gagnrýni á verkalýðsforystuna, og þess í stað slett skyri á Vilmund og fleiri sem hafa þó komið með málefnalega gagnrýni á lýðræðisskort og ranga kjarastefnu - það heitir ,,Uppdiktuð samúð með málstað launafólks'' í ályktuninni. Hvað ef Vilmundur hefði heitið Baldur Óskarsson?

Kórvilla ÆnAB er samt kjörorð (Alþýðuflokks?) um atvinnulýðræði. Ekki hafa allaballar þar áhyggjur út af verulegri samstöðu með Vilmundi né heldur skýra þeir út hvernig þátttaka og samráð launafólks um rekstur fyrirtækja sem eru í eigu einkaaðila, getur verið valkostur stað núverandi forræði eigendanna? Minnkar það nokkuð nema lýðræðið sé algjört meirihlutavald verkafólks? Kröfur um opið bókhald, samþykki starfsmanna um starfshætti eða uppsagnir og ráðningar eru **ekki** sósíalísk stjórnlist, heldur viljayfirlýsingar um umbætur.

Utanríkiskaflinn í ályktuninni er mun verri en hjá móðurflokknum. Ungliðarnir tala um ,,forræðis- og skrifræðissósíalisma'' austantjalds. Er sósíalismi eitthvað skyldur einberri ríkiseign og grófri alþýðukúgun? Gaman væri að sjá skilgreiningu ÆnAB á ríkis-

Framhald á bls. 7

Utan úr heimi

Verkalýðsblaðið hefur ekki haft til umráða mikið rúm undir erlent efni. Er það miður vegna þess að dagblöð flokkanna hneigjast til að sía úr og birta efni sem styður pólitík þeirra, en þegja gjarnan yfir ,,óþægilegum'' fréttum. Dæmi þar um eru t.d. risaveldin og vígbúnaður þeirra, stefna ýmissa friðarsamtaka og Palestínumálið.

Hér á eftir fara stuttir pistlar sem sýna ýmsar óvenjulegar hliðar nokkurra heimsmála.

CHILE: Vopnuð barátta harðnar...

Í viðtali við franskt blað segja félagar í samtökum MIR í Chile að æ fleiri andófshópar vinni saman í Chile og undirbúi nú myndun lítilla herdeilda. 8 vinstri flokkar standa að ályktun sem foringjar þeirra í útlegð undirrita og leggja þar sérstaka áherslu á að leið til frelsis í Chile sé aðeins fær í skjóli alþýðuhers (sbr. Nicaraqua). Gerfikosningarnar 1980 áttu að tryggja setu Pinochetklíkunnar til 1992, en urðu eins konar upphaf nýrrar sóknar lýðræðissinna og sósíalista í landinu. Umbótastefna og borgaralegt lýðræði biðu skipbrot 1973 - þetta er inntakið í afstöðu þessara afla. Væri fróðlegt að heyra ritstjóra Alþýðublaðsins rökstyðja orð sín um að leið baráttunnar í Mið-Ameríku sé leið friðsamlegrar og lýðræðislegrar baráttu (leiðari 2. des. sl..) - í ljósi reynslunnar frá Chile.

(stuðst við Klassekampen nr. 270)

KGB til Írans?

Bandariska blaðið Time hefur fyrir satt (17.11 sl.) að þrjátíu starfsmenn KGB hafi nýlega flutst inn í Hiltonhótelið í Teheran. Yfirvöld í Íran hafa hvorki staðfest orðróminn eða neitað honum. Hlutverk þessara sérfræðinga er að efla baráttu stjórnvalda gegn ,,gagnbyltingaröflum'' - þ.e. stjórnarandstæðingum sem gerast erfiðir viðfangs eftir að klerkaveldið hefur tekið upp afleitt stjórnarfar. Sumir segja Moskvuflokkinn í Íran hafa komið þessu í kring, en aðrir benda á að kreppan í Íran og andúð klerka á Bandaríkjunum auðveldi Sovétríkjunum að koma ár sinn fyrir borð í landinu.

(stuðst við Klassekampen nr. 269)

Kröfugöngur í Osló og Kaupinhöfn...

Skömmu eftir kafbátsstrandið fræga efndu ýmis friðarsamtök til kröfugöngu í Oslo m.a. undir kröfum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd (þá án Íslands) og stöðvun SS-20 áætlunar Sovétmanna. Þátttakendur voru 8000. Í desember tók svo ,,Nei til atomvåpen''-hreyfingin upp nýja stefnu. Þaðan í frá er ekki einungis barist gegn kjarnorkuvopnakerfi NATO, heldur líka kerfi Sovétríkjanna, með margfalt víðtækari kröfugerð en áður.

Eftir kafbátsstrandið var þegar í stað boðað til mótmælaaðgerða í skandínavískum höfuðborgum. Mótmælendur voru um 10.000 í Stokkhólmi, 1350 í Oslo og 500 í Kaupinhöfn. Á Íslandi voru mótmælaöldurnar ótrúlega lágar. Hvers vegna?

(stuðst við Arbejderavisen)

,,Ísrael og gyðingdómur fara ekki saman''.

Þessi orð mælir rabbíinn Moshe Hirsh, sem er leiðtogi einnar trúarhreyfingar gyðinga í Jerúsalem (Naturei Karta). ,,Leysa á Ísraelsíki upp. Það er afleitt fyrir gyðingdóminn að zionískir þjóðernissinnar skuli hafa svona mikil völd. Zionisminn er ekki gyðingleg hugmyndafræði, hann er þjóðremba. Ísrael er tákn fyrir Gyðinga sem þjóð. Sem veraldarlegt ríki er Ísrael guðlast. Landið tilheyrir þeim sem byggðu það áður en zionistar skipulögðu fjöldaflutninga hingað - Palestínumönnum. Við viljum láta stofna hér lýðræðislegt palestínskt ríki fyrir Gyðinga og aðra, svo fremi sem trúfrelsi okkar er tryggt''. Þessi brot eru úr viðtali við rabbían í norsku blaði eru í öðrum tóni en hástemt lof um samviskulausa útþenslustefnu ísraelskra yfirvalda.

(stuðst við Klassekampen nr.253)

Whiskey on the rocks...

Sovéski kafbáturinn af ,,Whiskey-gerð'' sem strandaði við Karlskrona minnir nokkuð á að sex sovéskir kafbátar, vopnaðir kjarnavopnum, eru í Eystrasalti. Þeir eru af gerðinni Golf II og til samans vopnaðir 18 SSN5-flaugum, en þær draga um 1300 km og sprengiaflið er á við 900 Hirosímasprengjur. Spurningin er hvort rétt sé að ræða um kjarnavopnlaus Norðurlönd án þess að þessi vopn séu tekin með í reikninginn. Eftir að kjarnavopn uppgötvuðust í strandgóssi þeirra Svía, reyndu norræn blöð að reikna út hve margir kafbátar sovéskir, **með kjarnavopn**, væru hér á norðurslóðum. Menn höfðu greinilega haldið kjarnavopn í of fáum sovésku kafbátanna. Útkoma baladsins Klassekampen var 156 kafbátar, og þá meirihlutinn vopnaðir kjarnatundurskeytum til að beita gegn herskipum og flutningaskipum NATO á norðurslóðum. Eiður Guðnason heldur því fram að tveir sovéskir kafbátar séu **fast** staðsettir innan ísl. lögsögu. Kafbátar NATO á sömu slóðum eru líklega nokkrir tugir talsins, flestir með kjarnavopn. Það er því ekkert smáræðisskotmark sem drífandi friðarhreyfing velur sér!

(stuðst við Klassekampen nr. 260)



Úr norska blaðinu Klassekampen. ,,Þetta er bara klukka'', segir sovéski sérfræðingurinn. ,,Hana vantar fimm mínútur í tólf segir litli naggurinn neðst til hægri. Myndin er teiknuð vegna útskýringa sovésks friðarrannsóknarmanns í Osló á úraninu í strandkafbátnum fræga.

Hver selur S-Afríku eða kaupir...

Kína selur úran til svissnesks fyrirtækis. Kínversk yfirvöld segjast fá tryggingu fyrir því að úranið verði ekki selt, t.d. til S-Afríku eða Ísrael. Heimsblöðin birta fréttir um kínverst úran í S-Afríku, en Kínverjar segja þær lognar. Úransala til S-Afríku er pólitískt röng. Séu fregnirnar sannar, hafa Kínverjar misst traust 3. heimsins að einhverju marki eða látið svissneskt fyrirtæki leika á sig.

BBC, breska útvarpsstöðin skýrði svo fyrir skömmu frá því að fréttaritari hennar hefði séð G. Waddell, fulltrúa s-afríska fyrirtækisins Anglo American Corp. í Moskvu, en það er eitt stærsta demantafyrirtæki heims. BBC sýndi síðan fram á fjölmörg atriði er benda til verulegrar demanta-, gull- og platínuverslunar milli Sovétríkjanna og S-Afríku.

(stuðst við Klassekampen nr. 226 og Newsweek)

Verkamannaþing...

15. júní sl. gengu lög um verkamannaþing í gildi í Kína. Aukið sjálfstæði fyrirtækja krefst aukins eftirlits. Kosið skal almennum kosningum til þinga þessara sem hafa það hlutverk að líta eftir skýrslum yfirmanna, fara yfir áætlanir, leggja til notkun hagnaðar, sjá um kosningu yfirmanna ofl. Æ fleiri dæmi eru um að verkfallsrétti sé beitt í Kína, án þess þó að verkamenn gjaldi þess. Þvert á móti virðast fregnir sýna að baráttan leiði til endurbóta. Rannsókn kínverska verkalýðssambandsins sýnir að enn hafa aðeins 25% þinganna náð árangri - á um 6 mánaða tíma. Lögin um verkamannaþing er að finna í Beijing Review nr. 361981.

(stuðst við Klassekampen)

Björt stjarna fallandi risaveldis...

Heræfingin ,,Bright Star'' varð styrkleikasýning haustsins í Afríku norðanverðri, leikstýrð skv. harðlínustefnu Reagansstjórnarinnar. Um 5000 landgönguliðar og hluti Miðjarðarhafsflota Bandaríkjanna voru burðarásinn í æfingunni sem fór fram í Egyptalandi, Súdan, Sómalíu, og Óman. Æfingin er talin svar við vaxandi ítökum Sovétmanna í Líbýu, Eþíópíu og S-Jemen. Menn mættu muna eftir því að horfa ekki bara á kjarnorkuvopn eða Evrópu í friðarbaráttunni. Risaveldin eru víðar að.

(stuðst við Klassekampen nr. 265.)

Framhald af bls. 3

Valkostur

sakar að starfa á þeim sviðum sem almenningur skiptir sér mikið af.

Komandi bæjar- og sveitastjórnarkosningar verða hefðbundnar nema hvað tveir kvennalistar og nokkrir bræðingslistar verða í kjöri ef að líkum lætur. Það er ennfremur ljóst að marx-leninistar hafa hvergi möguleika á að bjóða fram eiginn lista valkostirnir eru þar með þrír: - Að skila auðu, styðja einhvern flokks- eða bræðingslistann eða þá kvennalista þar sem þeir eru. Auðvitað verða stefnuvalkostir að ráða mestu um val. Verkalýðsblaðið tók afstöðu með kvennaframboðshugmynd í leiðara.

Mælir margt með stuðningi við listana í Reykjavík og á Akureyri, þótt endanleg ákvörðun liði þar til stefnuskrá liggur fyrir. Þá verður líka að svara því skýrt og skorinort hvað mæli á móti því að geiða einhverjum núverandi meirihlutaflokka í Rvk atkvæði - til þess að halda íhaldinu frá. Um sósíalískt framboð í Rvk er vart að ræða. Sá gæti kannski verið möguleikinn einhvers staðar utan höfuðbogarinnar þar sem róttæklingar og félagshyggjufólk hefur gefist upp á flokksdeildunum á staðnum. Ný flokkaskipan er í uppsiglingu - því ekki að taka djörf skref og byggja nýjar brýr?

Um alþingiskosningarnar er ef til vill of snemmt að tala. Hitt er víst að þar kann að vera gott tækifæri fyrir kommúnista og félagshyggjufólk að búa til tímabundna samfylkingu framsækinna afla sem berst fyrir lýðræði í verkalýðshreyfingunni, nothæfum kjarabótum, byggðastefnu, betri varnarstefnu o.s.frv.

Kommúnistasamtökin vilja hafa frumkvæðið að því að yfirlýstir vinstri menn, a.m.k. í Reykjavík, svari spurningunni: **hvað gerum við í komandi kosningum?** Fundur verður mánudaginn 11. janúar nk. kl. 20.30 að Hótel Borg. Þar verða gestir úr yfirlýstum vinstri flokkum og öðrum samtökum.

Ari T.Guðmundsson

Framhald af bls. 6

Hrottaskapur

íslenskri pólitík, sem fram kom við heimsóknina, var Svarthöfðagrein í DogV. Þar var, eins og við mátti búast réttilega bent á, að margir þeir sem hneyksluðust á gangi mála í ElSalvador, létust ekki sjá það sem fram færi í Afganistan. En á sama hátt, fjallaði grein þessa ,,kanavinar'' um lítið annað en fullyrðingar, um að Bandaríkjamenn ættu engan þátt í því sem gerast væri í ElSalvador (þrátt fyrir órækar sannanir um annað). Loks var svo rúsínan í pylsuendanum, vegna þess að Patricio er búsettur í Sviþjóð og með honum var Svii á ferð, væri í engu treystandi því sem hann segði. Slík er nú lágkúran.

KrKa

Einhliða starfsemi SIPRI

SIPRI, friðarrannsóknarstofnunin sem hefur aðsetur í Stokkhólmi, komst í sviðsljósið í ágúst sl. þegar starfsmaður hennar var gripinn fyrir njósnir í Svíþjóð.

Starfsmaður þessi, Owen Wilkes, hefur haldið því fram að rannsóknir hans á sænskum herstöðvum séu gerðar af persónulegum áhuga og ekki ætlaðar til birtingar. Handtaka hans hefur orðið til þess að beina athygli fjölmiðla að starfi SIPRI. Eftirfarandi grein er byggð á upplýsingum sænska blaðsins Gnistan **sem vöktu alþjóðlega athygli.**

Hjá SIPRI stjórnar Wilkes umfangsmikilli rannsókn sem miðar að því að skrásetja erlendar herstöðvar í öllum ríkjum jarðarkringlunnar. Skrásetja á allar herstöðvar, jafnt bandarískar í V-Þýskalandi sem sovéskar í Tékkóslóvakíu. Wilkes var ábyrgur fyrir könnun á herstöðvum í Vestur-Evrópu en María Lunderius, sem upprunnin er í Póllandi, sá um Austur-Evrópu.

,,Í upphafi átti ekki að snúa rannsóknninni mikið að Austur-Evrópu'' segir Maria Lunderius. ,,Ég varð að þrýsta á til þess að herstöðvar Sovétríkjanna erlendis væru einnig skrásettar.''

En Wilkes hefur ekki haldið sig innan ramma rannsóknarverkefnisins. Fljótlega hófst hann handa við að rannsaka danskar NATO-stöðvar í Danmörku. Ljósmyndun hans á sænskum herstöðvum í Svíþjóð — sem er utan hernaðarbandalaga — fellur einnig langt fyrir utan þess verksviðs sem honum var ætlað. Að sögn Mariu Lunderius er Wilkes mikill andstæðingur Bandaríkjanna en hlynntur Sovétríkjunum.

,,En ég held að hann hafi ekki safnað upplýsingum á Gotlandi (sænks eyja/þýð.) sem njósnari'' segir Maria. ,,Afturámóti gætu sambandsmenn hans fengið hann til að álíta að sænsku radarstöðvarnar væru tengdar NATO-kerfinu''.

Owen Wilkes. Innfellda myndin er af Mariu Lunderius. Að sögn Mariu er Wilkes mikill andstæðingur Bandaríkjanna en hlynntur Sovétríkjunum.

Wilkes hefur góð sambönd við nokkur sænsk friðarsamtök. Þ.á.m. Sænsku friðarnefndina sem er einhliða áróðurstæki fyrir Sovétríkin.

Owen Wilkes er sérfræðingur í fjarskiptum. Með aðstoð ljósmynda er sýna loftnet radarstöðva getur hann dregið ýmsar ályktanir og með hjálp hernaðarsérfræðinga má komast að ýmsu út frá þeim upplýsingum sem Wilkes hefur safnað. Hjá SIPRI-stofnuninni hefur Wilkes haft samband við sovéska sérfræðinginn (systemanalytiker) Valerij Tsutsovikin.

Mál Owen Wilkes hefur eins og fyrr segir beint augum margra að starfi SIPRI og hinum nýja yfirmanni stofnunarinnar, Frank Blackaby.

Hugmyndir Blackabys um rannsóknir hafa eingöngu snúið í vestur. Meginviðfangsefnið hefur verið að kanna varnarmöguleika Vestur-Evrópu með venjulegum vopnum (ekki kjarnavopnum) — en ekkert hefur verið rannsakað sem varðar Austur-Evrópu.

Áætlunum Blackabys var mótmælt af Mariu Lunderius, Joseph Goldblad o.fl. Þau vörpuðu fram þeirri spurningu hvers vegna SIPRI — sem hefur geysilega reynslu frá dögum Víetnamstríðsins — hefur ekkert rannsakað málefni er snúa að Afganistan!

,,Allar viðkvæmar upplýsingar sem lúta að austurblokkinni eru strokaðar út fyrir birtingu'' segir Rolf Björnerstedt stjórnarformaður SIPRI í viðtali við **Gnistan**. Hins vegar hafa engar takmarkanir gilt gagnvart vísindamönnum austurblokkarinnar, þeir hafa getað tekið afrit af upplýsingum SIPRI um NATO að vild.''

Maria Lunderius starfar ekki lengur hjá SIPRI. Að hennar sögn var það Tékkinn Theodor Nemec sem kom í veg fyrir endurnýjun samnings hennar hjá stofnuninni. Að sögn er afstaða Nemecs sú að halda verði góðu sambandi við Sovétstjórnina til þess að ná til almennings í Austur-Evrópu.

(Þýtt og endurs. úr **Gnistan**/Há)

Hvers vegna ekki almannavarnir?

Í 1. des. blaði stúdenta kennir margra góðra grasa, t.d. er viðtal við Guðjón Petersen. Þar kemur m.a. fram að hann gerir ráð fyrir að 1 megatonna sprengju verði varpað á Keflavíkurflugvöll, ef til stríðs kemur. Með því að reikna með VSV háloftavindum og hvössum útsynningi, muni geislavirkt úrfelli leggjast yfir Stór-Reykjavíkursvæðið. Hann telur að ef menn hefðu í skýli að venda, gætu þeir ,,eftir hálfan mánuð .... verið úti og unnið 8 tíma á dag. Eftir einn mánuð ættu menn að geta lifað eðlilegu lífi, ef ekki er um síendurteknar árásir að ræða''.

Hér á landi er lítið farið að ræða um skýli til varnar geislavirkni, hvað þá að útbúa slík. Í skýrslu þeirri, er Almannavarnir, undir forystu Ágústs Valfells, skrifaði stuttu fyrir 1970, kemur fram að hagnaður af árssölu ÁTVR nægir til að koma kjöllurum þeim sem merktir hafa verið, og Almannavarnir telja hæfa sem skýli, í það ástand að fólk geti dvalist þar. Það felst m.a. í því að byrgja glugga, koma fyrir hreinlætisaðstöðu o.fl.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er niðurskurður á fjármagni til Almannavarna, upp á 20 - 30 þús. kr. Ekki eru það miklir peningar að vísu, en niðurskurður engu að síður. Þessar aðgerðir jaðra við glæpastarfsemi.

Erlendis, s.s. í Sviss og Svíþjóð, er ekki sama andvaraleysið. Í Sviss t.d. eru til skýli fyrir alla þjóðina og í Svíþjóð hyggjast Stokkhólmsbúar nota neðanjarðarjárnbrautarstöðvar til skýlis.

Hví í ósköpunum er þetta mál ekki í deiglunni hér? Hvað veldur þessu grandaleysi pólitíkusanna?

O.S.

Hrottaskapur í skjóli Bandaríkjanna

Ekki er allt alveg jafn svart um stuðning flokkanna íslensku við þjóðfrelsisbaráttu og málstað kúgaðra þjóða, og ráða mátti af umkvörtun okkar í síðasta tölublaði. Þannig sýndi Alþýðuflokkurinn það lofsverða framtak nú fyrir skömmu, að bjóða hingað til lands Patricio Fuentes, sem er talsmaður Mannréttindanefndar ElSalvador (C.D.H.E.S.) á Norðurlöndum og á Bretlandseyjum. Hingað kom hann til að kynna málstað þjóðar sinnar og vekja athygli á hinum ólýsanlega hrottaskap og sadisma, sem yfirstétt landsins beitir með beinum og óbeinum stuðningi Bandaríkjanna, í örvæntingarfullri tilraun til að koma í veg fyrir sigur þjóðfrelsisaflanna.

Patricio sagði mannréttindanefndina vera pólitískt óháð samtök, sem upphaflega voru stofnuð til að aðstoða pólitíska fanga í landinu og berjast gegn mannréttindabrotum. Á síðasta ári hafi hinsvegar ofbeldisverk herforingjastjórnarinnar, sem framkvæmd eru af svokölluðum dauðasveitum (hermenn og lögreglumenn dulbúnir sem venjulegir borgarar fremja morð og pyntingar), leitt til þess að nefndin varð að draga úr starfsemi sinni í heimalandinu. Þannig hafi forystumenn hennar sumir verið myrtir á hinn hroðalegasta hátt. Tók nefndin þá að einbeita sér að alþjóðlegu upplýsingastarfi um ógnarstjórnina. Þannig taka félagar í nefndinni myndir af fórnarlömbum, reyna að bera kennsl á illa útleikin líkin, og smygla myndunum úr landi. Orð fá vart lýst þeim viðbjóði, sem margar þær myndir er Patricio var með, sýndu.

Myndin er táknræn fyrir þá ógnaröld sem nú er í El Salvador.

Jafnframt gerði Patricio grein fyrir stöðu baráttunnar og hinum mikla stuðningi Bandaríkjastjórnar við herforingjaklíkuna. Hún fengi mikið magn fullkominna vopna, svo sem fallbyssubáta, skriðdreka og þyrla, ásamt með venjulegum skotfærum, frá Bandaríkjunum. Einnig væri fjöldi hernaðarráðgjafa þaðan í landinu, margir þeirra fyrrverandi atvinnuhermenn úr Víetnamstríðinu.

Andheimsvaldasinnar hljóta að þakka Alþýðuflokknum það framtak, að bjóða þessum gesti til landsins. Það er hins vegar nokkur lýsandi fyrir þá pólitísku lágkúru sem hér þrífst, að þegar Þjóðviljinn sagði frá heimsókninni hafði hann, eins og vænta mátt þegar þetta risaveldið á í hlut (USA), mikið við. Þannig var þess bæði getið á forsíðu og baksíðu með miklum greinum, en hvergi kom þar fram hverjir gestgjafar Patricio voru. Það hefur auðvitað ekki mátt koma fram, því það voru pólitískir andstæðingar AB sem að heimsókninni stóðu.

Annað dæmi um lágkúru í

Framhald á bls. 5

FLOKKURINN — súrt vínber?

Mistök okkar marx-lenínista við að byggja upp kommúnistaflokk hér á Íslandi sem yrði ótvírætt forystuafl verkalýðsstéttarinnar eru flestum ljós. Kúgun á innlendri sem erlendri alþýðu í nafni Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna og andstæðir hagsmunir flokks og alþýðu í mörgum austantjaldslandanna er einnig augljós. Sumir hafa dregið af þessu þá ályktun að afstaða marx-lenínista til kommúnistaflokksins hafi verið röng; hann sé ekki svona mikilvægur þegar allt kemur til alls og auk þess sé hann hættulegri sósíalismanum.

„Þau eru súr" sagði refurinn og gekk í burt þegar honum tókst ekki að ná til vínberjanna eftir margar tilraunir. En er nú alveg víst að þau hafi verið súr? Afneita menn ekki flokkshugtakinu núna vegna þess að þeim mistókst í þessum fáu fyrstu veikburða tilraunum sínum til þess að byggja upp raunverulegan kommúnistaflokk?

Þótt Kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna hafi breyst úr því að vera fulltrúi framsýnasta hluta verkamanna yfir í það að vera kúgunartæki í höndum fámennrar klíku skrifræðisyfirstéttar þá er samt ekki hægt að kalla það afsönnun á hugmyndum Leníns um nauðsyn einbeitts byltingarflokks sem standi í fararbroddi baráttunnar gegn auðvaldinu. Þótt Kommúnistaflokkur Póllands sé algjörlega einangraður frá verkalýðsstétt landsins, það í höndum sovéskra hernaðarsinn og reki pólitík sem er andstæð hagsmunum pólskrar alþýðu, þá getum við ekki dregið þá ályktun að ekki sé þörf á flokki sem tengist verkalýðnum órjúfanlegum böndum og berst fyrir hagsmunum hans í hverju máli. Þvert á móti sýnir ástandið í Sovétríkjunum, í Póllandi og einnig hér á Íslandi okkur, svo ekki verður villst, nausyn þess að framsýnustu öfl verkalýðsins starfi í pólitískum flokki sem sé fær um að leiða alla verkalýðsstéttina fram til sigurs í baráttu sinni fyrir frelsi undan öllu oki. Slíkur flokkur hefur einnig þá skyldu að standa vörð um fengið frelsi verkalýðsins og sjá til þess að hann verði ekki heftur í fjötra að nýju. Þessari skyldu hafa flestir flokkar Austur-Evrópu brugðist.

Erum við spádómskerlingar?

Enginn þarf að vera hissa á því að Marx og Engels gerðu ekki nákvæmari spár um framtíðarþjóðfélagið en þeir í raun og veru gerðu. Þeir voru vísindamenn og ætluðu sér ekki þá dul að herma eftir spákerlingum með spil sem þykjast geta séð hvort væntanlegur eiginmaður verði ljóshærður eða dökkhærður. Þeir hefðu látið sér nægja að benda á að ef kona giftist manni þá er öruggt að hann hefur annað hvort hár með einhverjum lit eða er sköllóttur, því að slíkt getum við séð fyrir á grundvelli þeirrar þekkingar sem við nú þegar höfum.

Þekking okkar og reynsla hefur aukist mikið frá tímum Marx og Engels og vissulega getum við sagt miklu meira nú um þau þjóðfélög sem taka við eftir byltingu verkalýðsins, enda höfum við dæmi um þau. Við vitum um þær hættur og erfiðleika sem bíða verkalýðsríkis sem er umkringt af óvinum. Við höfum séð dæmi um að slík ríki hafi úrkynjast og gengið úr greipum verkalýðsins. Að sjálfsögðu er það skylda okkar að draga lærdóm af þessu og þróa kenningar okkar. Samt getum við ekki gengið svo langt í spádómsiðkunum að við förum að lýsa hverju húsi í draumaborg kommúnismans í smáatriðum.

Marga flokka

Fyrir Októberbyltinguna hafði á engan hátt verið álitið sjálfgefið að einungis einn flokkur yrði aðili að því ríkisvaldi sem rísa myndi upp úr rústum byltingarinnar.

Marx áleit að hugsanlega þyrftu kommúnistar að hafa samstarf við aðra flokka verkalýðsins. Slík afstaða endurspeglar þá staðreynd að kommúnistar eru í raun aðeins framsýnasti hluti verkalýðsstéttarinnar en ekki stéttin öll. Hlutar verkalýðsstéttarinnar gætu vel haft með sér flokk sem berðist fyrir hagsmunum verkalýðsins en ekki í eins víðtæku samhengi og kommúnistar gera og ekki jafn meðvitað.

Eftir Októberbyltinguna var meira að segja reynd samsteypustjórn en fljótlega kom í ljós að einungis bolsévikkarnir höfðu kjark og getu til að leiða verkalýðsstéttina alla leið til sigurs í þeirri hatrömmu stéttabaráttu sem þá átti sér stað. Af þessu drógu kommúnistar þá ályktun að einungis einn flokkur gæti hugsanlega verið raunverulega byltingarsinnaður og barist í þágu verkalýðs og kúgaðrar alþýðu. Þeir drógu þá ályktun að allar byltingar hlytu að gerast í höfuðatriðum á sama hátt og Októberbyltingin. Seinni tíma saga hefur sýnt að slík ályktun var ekki allskostar rétt. Eftir seinni heimsstyrjöldina stóðu kommúnistar t.d. að mörgum samsteypustjórnum í Austur-Evrópu sem allar höfðu verkalýðs- og alþýðuvöld á sínum stefnuskrám. Síðar beittu Rússar að vísu áhrifum sínum til þess að brjóta niður þetta samstarf og sölsa öll völd undir sig í nafni kommúnistaflokka viðkomandi landa. Byltingar í þriðja heiminum síðari ár hafa einnig sýnt að byltingarsinnað samstarf fleiri en eins flokks er vel mögulegt.

Formin sem byltingin tekur í hverju landi eru margvísleg en allar eiga byltingarnar það þó sameiginlegt að vera valdbyltingar og að þær verða að vera undir leiðsögn verkalýðsstéttarinnar og pólitísks flokks hennar eigi þar að sigra.

Niðurstaða mín er því sú að vel sé hugsanlegt að í sósíalisma séu starfandi fleiri en einn pólitískur flokkur. Við getum ekki sagt nákvæmlega fyrir um það. Hins vegar má ekki nota þessa staðreynd sem afsökun fyrir því að byggja ekki upp framvarðarsveit verkalýðsstéttarinnar, nokkurs konar herforingjalið, sem sé þess megnugt að leiða verkalýðsstéttina til endanlegs sigurs í baráttu sinni við auðvaldið.

Algjört skilyrði fyrir því að flokkurinn geti þjónað þessu hlutverki er að hann haldi lifandi tengslum við verkalýðsstéttina og samtök hennar, m.a. verkalýðsfélögin. Slík tengsl mega að sjálfsögðu ekki vera tengsl milli drottnara og hinna kúguðu eins og í sumum löndum sem kenna sig við sósíalisma.

Það sem gerst hefur í Póllandi felst meðal annars í því að þessi tengsl milli flokksins og hins vinnandi fjölda hafa rofnað. Hin opinberu verkalýðsfélög höfðu verið gerð að ríkisstofnunum sem var stýrt ofanfrá. Verkalýðurinn yfirgaf þau og flokkurinn stóð einangraður eftir. Pólland er því gott dæmi um það að hin lifandi tengsl á milli flokks og verkalýðsfjöldans mega aldrei slitna. Þeir sem draga andstæðar ályktanir hafa látið blekkjast, þeir rugla hinum einhliða tengslum milli yfirvalds og þegna sem verið hefur milli KFP og pólskra verkamanna saman við lifandi tengsl flokks við fjöldann. Á þeim verða allir sannir kommúnistaflokkar að byggja.

Þótt nokkur vínber reynist skemmd og rotin þá er ekki hægt að draga þá ályktun að öll vínber séu súr.

kk

Framhald af bls. 4

Verkafólk, framleiðið betur uppí kaupið!

formaður AB gleypir við henni. Nú skulu menn ekki aðeins framleiða meira, heldur verða þeir sem „meira hafa gefa eftir af sinni aðstöðu í þágu þeirra sem minna hafa" (Þjóðv. s.4) Hvernig ber að skilja kjaratilfærslur milli launahópa nema sem svo að útgjöld atvinnurekenda standi í stað að þessu leyti?

Svona er komið sósíalískri baráttuvitund í 2-3 þús. manna flokki sem inniheldur margt róttækt fólk. Kannski sjá menn ekki þráðinn í ræðunni, kannski eru margir sammála kratismanum og kannski hafa einhverjir gleypt kökuna vegna sykurhúðarinnar, því Svavar nefndi ýmislegt jákvætt í sinni ræðu svo sem baráttu fyrir einfaldari milliliðastarfsemi, aukið lýðræði, marxískar tilvitnanir úr stefnuskrá AB. En í næstu andrá stingur atvinnulýðræðið upp kollinum. Það byggir á samráði kapítalista og launafólks og svipuðum stéttahlutföllum og nú eru. Okkur er spurn: Hver eru tengslin milli afnáms á einkaeign framleiðslutækja og atvinnulýðræði? Er atvinnulýðræði ekki aðeins endurbót á vinnuskilyrðum auðvaldsþjóðfélagsins og styðjanlegar sem slíkar **umbætur?**

Ræða Svavars sýnir vel hvað það er sem hefur rúið AB og aðra flokka trausti verkalýðssinna: Tvöfeldni, íhald og óbeinn stuðningur við arðránsöfl. Svavar reynir kauðalega að kenna „afturhaldsöflum" um að grafa undan trú (hlýtur að eiga vera traust!) fólks á stjórnmálaflokkunum". Honum væri sæmandi sem skýrum manni að hafna svona yfirnáttúrulegri samsæriskenningu og skoða **verk** flokkanna og stefnuboðun. Flokkarnir grafa nefnilega undan sjálfum sér!

Sjálfsskoðun, gaumgæfileg athugun á allri gagnrýni, lítil kokhreysti og virðing fyrir skoðunum annarra eru ekki einkenni á málgagni AB að flokksráðsfundi loknum. Búið er að merkja allt slíkt fyrirfram sem „undagröft afturhaldsins á trúnni á almáttugt Alþýðubandalagið". Það er löng skilgreining á gagnrýni á stéttarsamvinnu og kratisma.

Framhald af bls. 4

Svör vekja ótal spurningar

framleiðslu - með fínni orðum eins og: „Samvinna stjórnvalda og verkalýðshreyfingar", „iðnþróun" í þágu heildarhagsmuna" o.fl. Er hægt að skilja þau orð öðru vísi en þjóðarhagsraus VSÍ? Ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að AB ætli sér það eitt hlutverk að stýra ísl. auðvaldsskipulaginu á sem skynsamlegastan hátt. Það væri reyndar ekki ómaksins vert í hjáverkum. Hjá fulltrúaráðinu er slíkt samt selt sem leið út úr því sama kerfi og reynt að fela versnandi stöðu og kjör alþýðunnar.

Kafli ályktunarinnar um utanríkismál er góður um margt, en sneiðir þó hjá að svara spurningum um hvernig gæta skuli öryggis ísl. þjóðarinnar. Einnig er hvergi minnst á almannavarnir.

Í plaggi AB hefði mátt minnast á ýmis mál í stað almennra orða sem nóg er af. Hvernig samræmist orkustefnan núna því marki að „ekki skuli opna erlendum auðhringjum leið til ísl. auðlinda"? Hvað á að gera við ísl. jarðhita? Hvað með yfirfulla og ofkeyrða skóla? Hvað með myndbönd eða yfirfull og vanmönnuð sjúkrahúsin? Eða stuðning við bókagerðarmenn? Var fordæmi þeirra rangt? Hvað með Ólafslög í mars n.k.? Á fundi AB voru um 70 manns af þeim 3-400 sem halda um 3000 manna flokki gangandi á kosningaflokksvísu. Okkar mat er að þeir hafi hliðrað sér fram hjá flestum óþægilegum spurningum og „heitum" baráttumálum. Og kæru lesendur: Eins og þið sjáið er hér á ferðinni í VBL afturhaldssinnað raus sem grefur undan trú manna á AB (svo notuð séu orð Svavars) svo ekki sé minnst á árásirnar á verkalýðsforingja sósíalista (svo notuð séu orð Baldurs Óskarssonar úr Þjóðv. 5.6. des.) og hina vinveittu ríkisstjórn - fyrir utan forystuflokkinn sjálfan.

Framhald af bls. 4

Vinnustaðalýðræði gegn forræði kapitalisma?

kapítalisma. Og hvað er átt við með **sósíalískum** andstöðuöflum í ályktuninni, sem lýst er réttilega stuðningi við?

Meginhersla ályktunarinnar er á Bandaríkin sem hættulegasta óvin á heimsmælikvarða og hvergi eru útfærðar kröfur gagnvart Sovétríkjunum. Rætt er almennum orðum um forræði stórvelda í 3ja heiminum, um afvopnun í austri og vestri og menn eru litlu nær. Stuðningsyfirlýsingar við baráttuna í Chile eða El Salvador og þögn um Afganistan vekja grunsemdir um einhverja Sovétþóknun. Og því ekki að segja eitthvað um afvopnun risaveldanna?

Kannski má benda þeim ungu allaböllum á að einu samherjar þeirra um hugsanlega kurteisi gagnvart Kreml er aðeins að finna innan Fylkingarinnar hérlendis og þá kannski komin ein skýringin á litlu gengi ÆnAB meðal allra hinna ungmenna landsins.

Að lokum: Hvernig ber að skilja vítur ÆnAB á foringja Sjálfstæðisflokks vegna ummæla þeirra um að ekkert olnbogarými sé fyrir kaupháekkanir. Var ekki Svavar að skilyrða kauphækkun með aukinni framleiðslu (sjá grein)?

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: kr. 10,00
Áskrift 1981! kr. 60,00
Stuðningsáskrift '81: kr. 120,00
Áskr. '81 til útlanda: kr. 120,00

Verkalýðsblaðið

11.—12. tbl. 10. árg. 27.11. 1981

Stiklað á stóru í sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar

Okkur hér hjá VB er gjarnt að minnast gömlu góðu áranna þegar Kommúnistaflokkur Íslands var til á kreppuárunum. Þá hafi baráttustefna ráðið ferðinni í verkalýðshreyfingunni og verkafólkið sjálft tekið þátt í henni af eldmóði í heiftúðugum verkföllum - og náð árangri. Síðan hafi allt verið á niðurleið.

Þessi mynd er auðvitað afar byltingarrómantísk. Hitt er annað mál að það er engin ástæða til að láta sér vel líka gervalla þróun verkalýðshreyfingarinnar. Okkur þykir verklýðsforystan hafa allt of mikil völd. Ég fer ekki rækilega í saumana á því hver ástæðan til þess er. Eflaust eru þær líka margar og flóknar og a.m.k. er erfitt fyrir almennan félaga í verkalýðshreyfingunni að hafa áhrif á kröfugerð félags síns og samninga og miklu erfiðara en fyrir 40-50 árum. Það er afturför.

En ég sagði áðan að málið væri flókið. Ákvörðunin um yfirvinnubannið 1977 var ekki beinlínis lýðræðisleg - en líklega var aðgerðin verulega skynsamleg. Hún sýndi fólkinu hvílíkur munur væri á 8 og 10 tíma vinnudegi. Afköstin lítið minni en þreytan ólíkt minni. Enda er nú stefnt að afnámi eftirvinnu með óskertum launum.

Ástæður lítils lýðræðis geta verið af tvennum toga: Leiðtogarnir beinlínis forðist það og hin er sú að fólki finnst gott að láta hugsa og gera hlutina fyrir sig. Þetta tvennt og hvernig það spilar saman er reyndar efni í aðra grein eða fleiri af lengra taginu.

En víkjum þá að því sem þessi grein átti að fjalla um. Hún á að minnast á nokkra punkta í þróun verkalýðshreyfingarinnar. Er í seinnihlutanum stuðst við plagg sem baráttusinnar í samtökum launafólks á Akureyri tóku saman veturinn 1975-6. Þetta eru að verulegu leyti stiklur og við biðjum ykkur góðir lesendur að senda okkur fyrirspurnir og athugasemdir sem við munum birta og svara eftir því sem hægt er. VB hefur á sínum snærum sagnfræðinga og því um líkt fólk sem hefur grúskað í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Beinar spurningar frá lesendum hjálpa til við að finna efni sem mikilvægt er fyrir blaðið að skrifa um.

Fyrsta kröfugangan 1. maí 1923. Þá var sett fram krafa um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Enn er langt í land.

Verkfallsverðir FFSÍ í farmannaverkfallinu '79. Þeir höfðu flokkana og ASÍ-foringja á móti sér. Hvað kennir sagan?

Verkalýðssamtökin öðlast viðurkenningu

Verkalýðssamtökin á Íslandi eru svo ung að allra elstu menn muna þá tíð að þau voru ekki til. ASÍ var stofnað 1916 og þá í nánum tengslum við Alþýðuflokkinn og héldust þau tengsl til 1940. Fyrstu 2 áratugina af tilveru ASÍ snerist verkalýðsbaráttan ekki einungis um kaup og kjör, heldur og tilverurétt félaganna sem samningsaðila. Í bændaþjóðfélaginu sömdu bændur við hvert og eitt hjúa sinna og atvinnurekendur töldu það eðlilegan hátt. Verkalýðsfélögum sem þar að auki voru töluvert pólítísk kæmi þetta harla lítið við og því eðlilegt að sniðganga þau í lengstu lög. Mörgu verkafólki fannst þessi afskiptasemi félaganna líka ótæk og það kostaði mikil átök að fá samningsrétt verkalýðsfélaganna viðurkenndan og urðu stundum verkföll um það atriði fyrst og fremst.

Á 4. áratugnum var verkalýðshreyfingin klofin. Félög, sem kommúnistar réðu (KFÍ var stofnaður 1930), fengu ekki inngöngu í ASÍ eða þeim var vikið úr því. Kratar stofnuðu klofningsfélög, t.d. á Akureyri.

Árið 1940 var rift sambandi ASÍ og Alþýðuflokksins en 2 árum áður var samþykkt á Alþingi svokölluð vinnulöggjöf. Í henni var viðurkennd sú staðreynd að verkalýðsfélögin væru lögformlegur samningsaðili en ekki að atvinnurekendur mættu skammta hverjum og einum það sem þeim sýndist.

Á áratugnum 1940-1950 réðu sósíalistar að mestu leyti fyrir ASÍ. Á stríðsárunum náðust mestu kjarabætur sem náðst hafa í einu eftir harðvítug verkföll sem voru bönnuð með lögum þannig að félögin sem slík gátu ekki skipulagt þau. Það vitnar hins vegar um samtakamátt þeirra að félagar þeirra skyldu geta háð baráttuna fyrir því. Síðan á stríðsárunum hafa auknar kröfur til lífsþæginda og þær raunverulegu kauphækkanir, sem annað veifið hafa náðst fram haldist í hendur þannig að afgangur umfram frumþarfir (fæði, klæði húsaskjól) og aðrar þarfir (útvarp, sjónvarp, bíll o.s.frv.) hefur ekki aukist. Þannig hefur t.d. ekki tekist að stytta vinnutímann sem heimilin þurfa að skila úti að vinnumarkaðinum nema síður væri sé tekið tillit til aukinnar útivinnu húsmæðra.

,,Samflot''

Víkjum nú aftur að samningsrétti félaganna. Félögin sáu um sína samningaerð sjálf fram yfir 1960. Árið 1964 var fyrsta stóra ,,samflotið''. Þá komu samninganefndir verkalýðsfélaganna til Reykjavíkur og sömdu þar í samvinnu. Árið 1968 var fyrsta samninganefnd ASÍ og fór hún með umboð margra verkalýðsfélaga það ár. Síðan hefur forysta ASÍ sölsað undir sig æ meiri völd og eins og allir vita er það nú venjubundið að ASÍ sjái um gerð kjarasamninga og annað þykir heyra til tíðinda. Þetta hefur gerst þótt ASÍ hafi engan lagalegan grundvöll sem samningsaðili. ASÍ er ekkert nema samband sérgreinasambanda og félaga. En forysta ASÍ stefnir að því að styrkja stöðu sína og til tals hefur komið að breyta vinnulöggjöfinni og láta ASÍ hafa samningsvaldið. Atvinnurekendur eru þess mjög fýsandi. Vinnulöggjafarmálið hefur þó legið í láginni undanfarið en kannski er það lognið á undan storminum.

Sívaxandi afskipti ríkisins af samningagerð

1. Bein innígrip og valdbeiting í samningagerð og þó sérstaklega afskipti af gerðum samningum. Hér má nefna frestun og afnám kjarabóta, rán útgjaldaliða úr vísitölu, gerðardómabönn við verkföllum o.fl. Flest af þessu er andstætt hagsmunum launafólks.
2. Afskipti sem þriðji aðili eða nokkurs konar milligöngumaður í samningum. Þau afskipti eru miklu betur hulin og flækja málin. Alls konar efnahagsupplýsingum um ,,burðarþol atvinnuveganna'' og ýmislegt fleira sem fæst verkafólk hefur hundsvit á er dælt yfir. Út frá þeim gerir ríkissáttasemjari eða ríkisstjórnin sjálf tillögur um svokallaðar ,,raunhæfar'' kjarabætur, Æ fleiri hagfræðingum og verðbólgusérfræðingum er blandað inn í samningagerðina. Þá má ekki gleyma félagsmálapökkunum sem ríkisstjórnin lofar til að greiða fyrir samningum þannig að atvinnurekendur þurfi ekki að borga eins hátt kaup. Í félagsmálapökkunum eru oftast hlutir sem er sjálfsagt að sé komið á **án þess að** það komi í stað kauphækkana.

Til hvers ríkisafskipti og samflot?

Hugmyndina að baki ríkisafskiptanna má rekja til stéttasamvinnustefnu sem okkur finnst hin versta stefna vegna þess að hún kemur niður á hag láglaunafólks. Ríkið gefur sig úr fyrir að vera hlutlaus aðili sem gefur tæknilegar upplýsingar. Síðan sé það bara reikningsdæmi hvað mikil kjarabót sé fáanleg út frá öllum þjóðhagsupplýsingunum. Framhaldið gæti orðið það að öll formleg samningagerð yrði lögð niður og að tölvum yrði falið að reikna út hversu mikið mætti hækka kaupið hverju sinni án þess að skerða gróða atvinnurekenda. Þetta viljum við ekki að gerist.

Við getum velt fyrir okkur hver tilgangur þessarar nýskipan kjaramálanna er og fundið út m.a. þetta:

1. Með félagsmálapökkunum eru atvinnurekendur frelsaðir frá því að þurfa að borga hærra kaup. Ríkið tekur að sér að velta þeim kauphækkunum sem fólk átti rétt á yfir á það sjálft með meiri sköttum af einhverju tagi.
2. Allt þetta er orðið svo flókið að fólk veit alls ekki um hvað var samið fyrir það og auðvelt að svíkja. Og vera má að það sé aðalatriðið.
3. Samflotið er orðin regla sem lokar alla samningagerð inni í þríhyrningnum ASÍ -VSÍ-Ríkisvald.

Við getum klykkt út með getsökum um stéttarstöðu verulegs hluta verkalýðsforystunnar því að í raun og veru er erfitt að aðskilja þá frá borgara- eða atvinnurekendastétt landsins, suma hverja a.m.k. Þeir ráða t.d. yfir gífurlegu fjármagni sjóða verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðubankans. Þeir sitja í alls konar bitlingastöðum og nefndum, á Alþingi, hafa verið ráðherrar, sitja í stjórnum fyrirtækja á vegum ríkis og bæja. Og svona mætti teygja lopann. En varla er æskilegt að sami maðurinn sitji klofvega yfir samningaborðið.

Tekið saman af Baldri.